


Sögutorgin í Borgarnesi

Niðurstöður vefkönnunar í maí/júní 2023

Unnið í tengslum við forhönnun tveggja torga í gamla bænum í Borgarnesi og ássins á milli þeirra



ALT \neq RNANCE
ARCHITECTURE & URBAN PLANNING



BORGARBYGGÐ



Co-funded by the
Creative Europe Programme
of the European Union



Landbúnaðarháskóli
Íslands


Í hnotskurn

Í hnotskurn voru niðurstöður könnunnarinnar eftirfarandi:

1. Þátttakendur voru almennt séð hlynntir uppbyggingu í gamla bænum.
2. Við forhönnun Skallagrímstorgs/Kveldúlfstorgs og Landnámstorgs/Brákartorgs vildu þátttakendur helst að lögð yrði áhersla á mannlíf, svo á sögu og minjar og loks náttúru/útsýni.
3. Skallagrímstorg/Kveldúlfstorg:
 - a. Þátttakendur töldu núverandi ásýnd þess svæðisins hvorki ljóta né flotta.
 - b. Styrkleikar svæðisins eru núverandi gróður á svæðinu og nálægð við Skallagrímsgarð og Kveldúlfsvöll, staðsetning svæðisins í gamla bænum og sögu- og menningarleg skírskotun.
 - c. Veikleikar svæðisins eru núverandi skipulag, skortur á tengingu milli svæða innan svæðisins, hröð og mikil bílaumferð, skortur á tækifærum fyrir aðra ferðamáta en bíla og skortur á viðhaldi innan svæðisins.
 - d. Framtíðarsýn um notkun svæðisins felur í sér að menningarviðburðir eigi sér þar stað, að svæðið bjóði upp á söguskoðun og aðdráttarafl fyrir ferðafólk og svæði nýtist sem hvíldar- og dvalarsvæði.
4. Landnámstorg/Brákartorg:
 - a. Þátttakendur töldu núverandi ásýnd þess svæðisins ljóta.
 - b. Styrkleikar svæðisins felast upplifun og nálægð við náttúruna, þess að geta notið útsýnis og að svæðið er rúmt.
 - c. Veikleikar svæðisins eru núverandi skipulag og skortur framtíðarsýn, vindafar og ásýnd svæðisins sem sögð er grá, ber og óaðlaðandi.
 - d. Framtíðarsýn um notkun svæðisins felur í sér aðgengi að sjó og gömlu steinbyggjunni við Brákarsund, útsýnisstaði og áherslu á söguskoðun og aðdráttarafl fyrir ferðamenn.
 - e. Framtíðarsýn varðandi notkun innrýma bygginga á svæðinu, vildu þátttakendur geta upplifað gott útsýni úr byggingum, starfsemi á borð við kaffi- og/eða veitingahús, húsnæði fyrir menningarviðburði (s.s. tónlist og leiklist) og vinnustofur fyrir félagasamtök, listafólk og einstaklinga.
5. Þátttakendur töldu ásýnd ássins (Borgarbraut/Brákarbraut) frekar ljóta.

1. Inngangur

Könnun var gerð á viðhorfum almennings til þeirra svæða sem Sögutorgin ná yfir, sbr. mynd 1.



Mynd 1. Þau svæði sem Sögutorgin ná yfir.

Könnunin var lögð fyrir dagana 22. maí – 5. júní 2023.

Fjöldi þeirra sem svöruðu könnuninni að fullu eða einhverju leyti voru 54 (28 konur og 26 karlar). Aldur þátttakenda skiptist með eftirfarandi hætti; 26-45 ára voru 17 manns, 46-65 ára voru 26, 66 ára eða eldri voru 11.

Þátttakendur með búsetu í Borgarnesi voru 36, þar af 20 manns í gamla bænum í Borgarnesi. Átta þátttakendur bjuggu í Borgarbyggð utan Borgarness og 10 manns utan Borgarbyggðar.

Könnunin var sett upp í vefviðmóti ENVALYS og mátti finna þátttökutengil á eftirfarandi stöðum:

- Facebooksíðum Sögutorganna, Borgarness og Hollvinasamtaka Borgarness.
- Heimasíðu Sögutorganna og Borgarbyggðar.
- Póstlista Sögutorganna.
- Með fréttatilkynningu og auglýsingaborða á vefsíðu Skessuhorns.

Þegar þátttakendur smelltu á þátttökutengil opnaðist könnunin og birtust fyrst upplýsingar um könnunina. Þátttakendur voru beðnir um að staðfesta þátttöku sína með því að haka í

partilgerðan reit á fyrstu síðu könnunarinnar. Í framhaldinu opnaðist hin eiginlega könnun þar sem þátttakendur voru beðnir um að segja skoðun sína á þeim svæðum sem verkefnið Sögutorgin nær yfir, auk þess sem óskað var eftir bakgrunnsupplýsingum.

2. Niðurstöður

2.1 Almenn afstaða til uppbyggingar


Almenn afstaða til uppbyggingar í gamla bænum var könnuð. Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 54.

Niðurstöður sýna að þátttakendur voru almennt hlynntir uppbyggingu í gamla bænum (*meðaltal* = 3,46; *Sf* = 0,91 á kvarðanum 0-4 (0 = mjög andvíg/ur; 4 = mjög hlynnt/ur)).

2.2 Forgangsröðun í forhönnun

Þátttakendur voru spurðir hvaða almennu áherslur þeim fyndist skipta mestu máli við forhönnun Skallagrímstorgs/Kveldúlfstorgs og Landnámstorgs/Brákartorgs. Í könnuninni voru gefnir upp 5 valmöguleikar, sbr. mynd 2.

Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 51.



Mynd 2. Forgangsröðun áherslna við forhönnun Skallagrímstorgs/Kveldúlfstorgs og Landnámstorgs/Brákartorgs

Eins og sést á mynd 2 sýna niðurstöður að flestir þátttakendur vildu leggja áherslu á mannlíf, því vildu þeir að lögð væri áhersla á sögu og minjar og loks náttúra/útsýni. Bílastæði komu svo í fjórða sæti.

Þá nefndu þátttakendur mikilvægi þess að lögð væri áhersla á smekkvísi og snyrtimennsku við uppbyggingu þessara svæða, og að unnið yrði í ákveðnu samráði við íbúa. Þá var minnst á mikilvægi þess að mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins væri ávallt vel við haldið, og að sveitarfélagið hvetti íbúa til snyrtimennsku við eignir sínar, húseignir og lóðir.

2.3 Skallagrímstorg / Kveldúlfstorg

2.3.1 Mat á núverandi ásýnd

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á núverandi ásýnd Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs. Við matið var notast við fjórar myndir sem teknar voru frá ólíkum sjónarhornum þann 18. maí 2023 (sjá mynd 3).

Framkvæmdir stóðu yfir við Borgarbraut þegar myndataka fór fram og voru þátttakendur sérstaklega hvattir til að líta framhjá þeim við mat sitt á umhverfinu.




Mynd 3. Myndir af Skallagrímstorgi / Kveldúlfstorgi sem nýttar voru í könnuninni.

Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 51. Niðurstöður sýna að þátttakendur töldu svæðið hvorki ljótt né flott ($meðaltal = 3,05$ ($Sf = 1,16$) á kvarðanum 0-6 (0 = mjög ljótt; 6 = mjög flott)).

2.3.2 Styrkleikar svæðisins

Þátttakendur voru beðnir um að meta þrjá helstu styrkleika Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs. Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 51.




Mynd 4 – Styrkleikar Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs

Á mynd 4 sýna niðurstöðurnar að flestir telja styrkleika svæðisins endurspeglast í þeim gróðri sem þar er að finna, og samspil þess og nálægð við Skallagrímstorg og Kveldúlfsvöll. Því næst er staðsetning svæðisins í gamla bænum talinn helsti styrkleiki þess og nefndu þátttakendur sterk tengsl við skóla, tónlistarskóla, íþróttir og aðra hluta í gamla bænum. Þá kom sú sögu- og menningarlega skírskotun sem fólki finnst svæðið hafa, og þar á eftir veðursæld innan svæðis og þá einkum skjól, þá þykir svæðið búa yfir feegurð og landslagi. Önnur atriði skoruðu lægra.

2.3.3 Veikleikar svæðisins

Þátttakendur voru beðnir um að meta þrjá helstu veikleika Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs. Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 51.



Mynd 5 – Veikleikar Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs

Eins og sést á mynd 5 er helsti veikleiki svæðisins að mati þátttakenda skipulag þess og skortur á tengingum milli svæða innan þess – heildaryfirbragð skortir. Þá er hröð og mikil bílaumferð um svæðið veikleiki sem þátttakendur nefndu næst oftast. Skortur á tækifærum fyrir aðra ferðamáta en bíla kemur þar á eftir ásamt skorti á viðhaldi og umhirðu húsa, trjáa og gangstétta.

Þá var skortur á aðdráttaraflí á svæðinu nefndur sem veikleiki og þá einkum í formi þjónustu sem fengi fólk til að dvelja lengur á svæðinu. Þessu tengt var skortur á innviðum á svæðinu einnig nefndur, og var þar átt við sæti og aðstöðu til að dvelja á svæðinu, sem leiðir þá til fátæklegs mannlífs innan þess. Önnur atriði skorðu lægra.

2.3.4 Framtíðarsýn svæðisins


Þátttakendur voru spurðir um framtíðarsýn varðandi notkun svæðisins. Boðið var upp á 10 valmöguleika auk þess sem þátttakendum var boðið að skrifa eigin vangaveltur ef framtíðarsýn þeirra var önnur en uppgefnir valmöguleikar buðu upp á.

Spurt var hvers konar svæði þátttakendur myndu vilja hafa innan þess svæðis sem á teikningu hafði verið lauslega afmarkað sem Skallagrímstorg / Kveldúlfstorg (sjá mynd 6)



Mynd 6. Lausleg afmörkun Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs

Þátttakendum var heimilt að haka við eins marga valmöguleika og þeir kusu. 41 þátttakandi tók þátt í þessum hluta könnunarinnar.



Mynd 7. Framtíðarsýn varðandi notkun svæðis sem afmarkað er sem Skallagrímstorg/Kveldúlfstorg

Á mynd 7 sést að 80% þátttakenda sjá fyrir að menningarviðburðir eigi sér stað á svæðinu og tæplega 70% vilja að svæðið bjóði upp á söguskoðun og aðdráttarafli fyrir ferðafólk. Tæplega 60% vill sjá svæðið sem hvíldar- og dvalarsvæði og ríflega 50% líta svo á að innan svæðisins megi reisa kaffihús / veitingahús ásamt útissvæði. Önnur atriði skoruðu lægra.

2.4 Landnámstorg / Brákartorg

2.4.1 Mat á núverandi ásýnd

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á núverandi ásýnd Landnámstorgs/Brákartorgs. Við matið var notast við fjórar myndir sem teknar voru frá ólíkum sjónarhornum þann 18. maí 2023 (sjá mynd 8).

Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 37.




Mynd 8. Myndir af Landnámstorgi / Brákartorgi sem nýttar voru í könnuninni.

Niðurstöður sýndu að þátttakendur töldu torgið fremur ljótt (*meðaltal* = 1,68 (*Sf* = 1,38) á kvarðanum 0-6 (0 = mjög ljótt; 6 = mjög flott)).

2.4.2 Styrkleikar svæðisins

Þátttakendur voru beðnir um að meta þrjá helstu styrkleika Landnámstorgs / Brákartorgs. Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 37.




Mynd 9 – Styrkleikar Landnámstorgs / Brákartorgs

Á mynd 9 sést að þátttakendur töldu helstu styrkleikar svæðisins felast upplifun og nálægð við náttúruna, í að geta notið útsýnis og að svæðið er rúmt. Þá er saga svæðisins og sögulegar tengingar taldar svæðinu til tekna sem og nálægð þess við þjónustu, einkum þá Landnámssetrið og Englendingavík. Önnur atriði skoruðu lægra.

2.4.3 Veikleikar svæðisins

Þátttakendur voru beðnir um að meta þrjá helstu veikleika Landnámstorgs / Brákartorgs. Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 37.



Mynd 10 – Veikleikar Landnámstorgs / Brákartorgs


Á mynd 10 má sjá að þátttakendur töldu skipulag svæðisins og skort framtíðarsýn helsta veikleika svæðisins, en í því sambandi var nefnt að svæðið væri afgangsstærð og skorti hlutverk. Þá var vindafar á svæðinu talið til veikleika en býsna vindasamt getur orðið þar, og þá var nefnt sem veikleiki að svæðið sagti óaðlaðandi, bert og grátt. Sömuleiðis var minnst á ljótar byggingar bæði á landi og úti í Brákarey, og að umhengni og umhirðu væri ábótavant. Þá voru ólíkar skoðanir upp um mannvirki tengdum bílaumferð en þau þóttu ýmist of fyrirferðarmikil eða fyrirferðarlítill. Önnur atriði skoruðu lægra.

2.4.4 Framtíðarsýn svæðisins

Útirými


Þátttakendur voru spurðir um framtíðarsýn varðandi notkun svæðisins. Boðið var upp á 13 valmöguleika auk þess sem þátttakendum var boðið að skrifa eigin vangaveltur ef framtíðarsýn þeirra var önnur en uppgefnir valmöguleikar buðu upp á.

Spurt var hvers konar svæði þátttakendur myndu vilja hafa innan þess svæðis sem á teikningu hafði verið lauslega afmarkað sem Landnámstorg / Brákartorg (sjá mynd 11).



Mynd 11. Lausleg afmörkun Landnámstorgs / Brákartorgs

Þátttakendum var heimilt að haka við eins marga valmöguleika og þeir vildu. Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 37.




Mynd 12. Framtíðarsýn varðandi notkun svæðis sem afmarkað er sem Landnámstorg / Brákartorg

Á mynd 12 kemur fram að um 90% þátttakenda sjá fyrir sér aðgengi að sjó og gömlu steinbryggjunni við Brákarsund. Tæplega 80% vilja að á svæðinu verði útsýnisstaðir og 73% vilja að lögð sé áhersla á söguskoðun og aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Um 55% vilja hvíldar- og dvalarsvæði. Aðrir möguleikar skoruðu lægra.

Innirými

Þátttakendur voru spurðir um framtíðarsýn varðandi notkun innirýma á því svæði sem markað er sem Landnámstorg / Brákartorg. Boðið var upp á 13 valmöguleika auk þess sem þátttakendum var boðið að skrifa eigin vangaveltur ef framtíðarsýn þeirra var önnur en uppgefnir valmöguleikar buðu upp á.

Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 37.



Mynd 13. Framtíðarsýn varðandi notkun innirýma á því svæði sem afmarkað er sem Landnámstorg / Brákartorg

Í svörum þátttakenda (sjá mynd 13) kemur fram að tæplega 50% vildu sjá möguleika að geta upplifað gott útsýni úr gluggum bygginga á svæðinu. Því næst sáu tæplega 40% þátttakenda fyrir sér starfsemi á borð við kaffi- og/eða veitingahús í byggingum á svæðinu, sem og húsnæði fyrir menningarviðburði (s.s. tónlist og leiklist) og vinnustofur fyrir félagasamtök, listafólk og einstaklinga. Aðrir möguleikar skoruðu lægra.

2.5 Ásinn - Borgarbraut / Brákarbraut

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á núverandi ásýnd ássins milli Skallagrímstorgs / Kveldúlfstorgs og Landnámstorgs / Brákartorgs, þ.e. Borgarbrautar og Brákarbrautar.

Var ásnúm skipt upp í fjóra hluta og hver hluti myndaður frá tveimur sjónarhornum þann 18. maí 2023 (sbr. mynd 14).




Mynd 14. Ásinn – skipting í götuhluta og sjónarhorn myndatöku

Framkvæmdir stóðu yfir við Borgarbraut í námunda við Skallagrímsgarð og Kveldúlfsvöll þegar myndataka fór fram og voru þátttakendur sérstaklega hvattir til að líta framhjá þeim við mat sitt á umhverfinu.

Fjöldi þátttakenda sem tók afstöðu til þessa hluta könnunarinnar var 37.

Niðurstöður sýna að þátttakendum finnst almennt séð ásýnd ássins frekar ljót ($meðaltal = 2,51$; $Sf = 1,41 - 0 =$ mjög ljótt; $6 =$ mjög fallett).



Mynd 15. Myndir af götuhlutum á Ásnum (Borgarbraut – Brákarbraut)

Þegar litið er á ólíka hluta götunnar (sjá mynd 15) sést að þátttakendur meta 7 af 8 götuhlutum með sambærilegum hætti. Aðeins götuhluti 5V sker sig frá en þann hluta meta þátttakendum með mun jákvæðri hætti og sýna niðurstöður einhliða dreifgreiningar og Tukey-eftiraprófs tölfræðilega marktækan mun milli götuhluta 5V og allra hinna götuhlutanna ($F = 5,27$ $p < 0,01$).